Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2173
komudagur 8.5. 2012

**Athugasemd**

Magnús Örn Sigurðsson [magnusornsigurdsson@gmail.com]

**Sent:** 8. maí 2012 23:48

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Ég, Magnús Örn Sigurðsson, kt. 0409892509, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.
Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Enn fremur ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.